

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 25. maí 2025, klukkan 11:00 í Sólvangi.

Allir aðalmenn eru mættir. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Erindi frá Elísabetu Gunnarsdóttur

Erindi er varðar vír á gömlu þjóðleiðinni yfir Tunguheiði (Syðri-Tunga – Fjöll). Er af vírnum bæði slysaætta og lýti á annars fallettri leið. Vírinn liggur bæði í Tjörneshreppi og Norðurþingi. Óskað er eftir því að sveitarfélögin taki höndum saman og fjarlægji vírinn.

Hreppsnefnd Tjörneshrepps tekur vel í erindið og er oddvita falið að fylgja erindinu eftir.

2. Refaveiði í Tjörneshreppi

Auglýst var eftir refaskyttum í Skránni fimmtudaginn 1. maí 2025.

Þrjár umsóknir bárust. Frá Birgi Mikaelssyni sem sækir um refaveiði í landi Héðinshöfða (hér eftir svæði 4), Guðmundi H. Halldórssyni sem sækir um grenjavinnslu á svæði 2 og 3 (mögulega 4 líka) og Kristjáni Arnarssyni sem sækir um allt Tjörnes. Svæði 1 er Mánárheiði austan Mánár að hreppamörkum. Svæði 2 er Voladalsland vestan Mánár að Hringverslandi. Svæði 3 er Hringver að Köldukvísl. Svæði 4 er Héðinshöfðaland að Reyðará.

Samþykkt var að skipta veiðisvæðinu upp í þessi fjögur svæði.

Svæði 1 – Oddvita falið að semja við Kristján Arnarsson eða annan veiðimann ef Kristján neitar.

Svæði 2 og 3 – Oddvita falið að semja við Guðmund H. Halldórsson.

Svæði 4 – Oddvita falið að semja við Birgi Mikaelsson.

Jón Gunnarsson óskar eftir að bóka að hann er mótfallin að skipa sveitarfélaginu upp og telur að refaskytta ætti að sjá um allt sveitarfélagið.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 12.08.

Katý Bjarnadóttir

Aðalsteinn J. Halldórsson

Sveinn Egilsson

Jón Gunnarsson

Smári Kárasen